

Nr. 18-066 S 042 Hásteinn ÁR 8**Skipverji slasast**

Skipaskr.nr. 1751
 Smíðaður: Karlstad Svíþjóð 1984 stál
 Stærð: 113,4 brl. 180,4 bt.
 Mesta lengd: 24,95 m Skráð lengd: 22,18 m
 Breidd: 7,1 m Dýpt: 4,7 m
 Vél: Caterpillar 578 kW 1984
 Fjöldi skipverja: 9



Hásteinn ©Hilmar Snorrason

Gögn:
 Lögregluskýrsla
 Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 8. apríl 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 2. apríl 2018 var Hásteinn ÁR 8 á dragnótaveiðum á SV miðum. Veður: ASA 8 m/sek.

Skipverjar voru að taka trollið og pokinn var kominn á síðuna. Þegar skipverji var að taka til sín gilskrók fékk hann krókinn í andlitið með þeim afleiðingum að tennur brotnuðu.

Við rannsókn kom fram:

- að gilsinn var notaður til að færa pokann fram á síðuna;
- að skipverjinn var að draga til sín gilsinn til að losa krókinn en búíð var að setja annan gils í pokann sem var notaður til að hífa pokann um borð;
- að fram kom að öryggissplittið í króknum hafi verið ónýtt og því hafi krókurinn losnað þegar skipverjinn togaði í hann;
- að krókurinn var nýlegur og hafði verið í notkun í um þrjá vikur. Taldi slasaði að líklega hefði öryggissplittið bilað í þetta sinn;
- að slasaði var nýbyrjaður á skipinu;
- að skipstjórinn taldi að betra hefði verið að krókurinn hefði verið númerinu stærri.



Krókurinn sem um ræðir

Nefndarálit:

Orsök slyssins var að öryggissplitti gilskróksins bilaði.